

# Fjölskylduhús Sjálfsbjargar Ish. Reykholti



**Fjölskylduhúsi Sjálfsbjargar** stendur nú Sjálfsbjargarfélögum til boða að leigja (sem hafa greitt félagsgjald til einhvers aðildarfélags Sjálfsbjargar á síðasta ári) sem og til erlendra hreyfihamlaðra einstaklinga sem þarfnast aðgengilegs orlofshúss á svæðinu. Við fullyrðum að Fjölskylduhúsið sé það orlofshús sem er best útbúið fyrir hreyfihamlaða í landinu hvað aðgengi og sérstakan búnað snertir, bæði utanhúss og innandyra. Þetta er nýtt og glæsilegt einbýlishús, 200 ferm. auk 40 ferm. bílskúr.

**Staðsetning:** Húsið er staðsett í byggðakjarnanum í Reykholti í Biskupstungum – Kistuholti 19 (íbúðargata) [kort](#).

**Leigutíminn:** Yfir sumartímann er húsið leigt til Sjálfsbjargarfélaga eina viku í senn (7 nætur), frá föstudegi, komudagur eftir kl. 16.00 til næsta föstudags, brottfarardagur fyrir kl. 11.00. Yfir vetrartímann er húsið leigt út til Sjálfsbjargarfélaga yfir helgi (föstudag – sunnudags) og unnt að óska eftir viðbótardögum fyrir eða eftir.

**Hverjir geta leigt:** Fjölskylduhúsið er aðeins leigt út til virka félagsmanna aðildarfélaga Sjálfsbjargar Ish. (sem þurfa að hafa greitt félagsgjald til einhvers aðildarfélags Sjálfsbjargar árið 2016).

**Leiguverð:** Sjá leiguverðið á vefsíðu Sjálfsbjargar: [www.sjalfsbjorg.is](http://www.sjalfsbjorg.is)

**Umsókn:** Ef þú vilt sækja um að leigja **Fjölskylduhúsið**, vinsamlegast sæktu umsóknareyðublaðið (tenging virk á vefsíðunni) og sendu það síðan til okkar á netfangið: [sjalfsbjorg@sjalfsbjorg.is](mailto:sjalfsbjorg@sjalfsbjorg.is).

Á vefsíðunni uppfærum við stöðuna á leigunni nokkuð jöfnum höndum og tiltökum hvaða vikur/helgar standa Sjálfsbjargarfélögum til boða að leigja hverju sinni

## Upplýsingar um Fjölskylduhús Sjálfsbjargar, Kistuholti 19, Reykholti

### Leigutími.

Leigjandi hefur afnotarétt af húsinu yfir sumartímann frá kl. 16.00 komudag til kl. 11.00 brottfarardag. Í helgarleigu er komutíminn frá kl. 10.00 á föstudegi og brottför fyrir kl. 12.00 á sunnudegi. Mikilvægt er að leigjendur virði þessi tímamörk því umsjónaraðili þarf að taka húsið út milli gesta.

### Staðsetning og hvað er í nágrenninu.

Fjölskylduhúsið er í byggðakjarna Reykhólts í Biskupstungum og því sérlega vel staðsett á Suðurlandi og stutt í nauðsynlega þjónustu og margvíslega afþreyingu og vinsæla ferðamannastaði. Hér í bæjarkjarnanum er verslunin **Bjarnabúð**, og jafnframt er **Landsbankinn** með útibú í sama húsi. Við verslunina er bensínstöð. Þá er hérna **Reykholtslaug**, **skóli**, **leikskóli**, **Aratunga** (það fræga sveitaballhús), urmull af **gróðurhúsum** sem flest hver selja varning sinn á sumrin í og við stöðvarnar.

**Friðheimar** er landskunn gróðurstöð þar sem er hægt að kaupa veitingar í gróðurhúsinu en þau eru líka með **hestasýningar** og kynna þær á mörgum tungumálum og selja jafnframt allskonar varning úr tómötum. **Hestagallerí** er starfandi á sumrin í hesthúsahverfinu, og þegar fáni er að húni er opið. **Kaffi Mika** er vinsæll **veitingastaður** að baki Bjarnabúðar. Hið sögufræga setur **Skálholt** er í nágrenninu ásamt **Skálholtsdómkirkju**. Í **Laugarási** er heilsugæsla, margar gróðrarstöðvar sem selja varning í og við stöðvarnar. **Dýragarðurinn Slakki** er jafnframt með **veitingarekstur** og þar má finna margt **skemmtilegt fyrir börnin** að gera – þar er opið snemma vors til haust. Á **Engi** er **völundargarður**, m.a. **berfættastígur** og á sumrin er þar markaður með lífrænt grænmeti og kryddjurtir.

Á **Geysi** er hinn heimsfrægi **Geysir** auðvitað og þar er hótél, veitingarekstur, verslun, og golfvöllur. Í **Haukadalsskógi** eru flottar **gönguleiðir** og þar eru m.a. stígar gerðir fyrir **hjólástóla**. Síðan er ómissandi að að skoða **Gullfoss**, frægasta foss landsins og einn hinn fegursta. Milli Geysis og Gullfoss er **hestaleiga**, **pöbb** er á Skjólí og **tjaldsvæði**. **Handverksmarkaður** er í Skálanum, Gullfoss, Brúarhlöð.

Í **Úthlíð** er sundlaug, veitingar, hestaleiga og golfvöllur. Í **Efstadal** í **Laugardal** er rekin **veitingasala** í fjósi, **hestaleiga** og gisting. Svo er **fossinn Faxi** í næsta nágrenni og **Tungnaréttir** þar sem er tjaldsvæði og veitingarhúsið **Við Faxa**.

Í Hrunamannahreppi er bæjarkjarninn **Flúðir** þar sem finna má verslun, vínbúð, sundlaug, markaði, veitingahús, bensínsölu, golfvöll, fótboltagolf og margt fleira. Stutt er á **Laugavatn, Þingvöll, Stöng, Hjálparfoss, Háafoss, Gjánna, Keríð** og fleira.

Hægt væri að telja upp meira sem er í nágrenninu en látið er staðar numið hér. Hægt er að fá staðarbækling í verslunum á svæðunum sem lýsa öllu sem er í boði í nágrenninu. Í Fjölskylduhúsinu er stórt landakort uppi á vegg þar sem finna má helstu staði á Suðurlandi. Njótið dvalarinnar í Fjölskylduhúsi Sjálfsbjargar og verið dugleg að skoða nágrennið vel og eigið góðar stundir.

**Gestir þurfa að hafa með sér:** Sængurfatnað þó ekki lök (sængur og koddar til staðar fyrir 7), allar sápur, uppþvottaklúta, og handklæði.

## Lýsing á Fjölskylduhúsinu:

**Staðsetning:** Í byggðakjarna að Reykholti í Biskupstungum, Bláskógabyggð, nánar tiltekið að Kistuholti 19.

**Stærð:** Einbýlishús 200 fermetrar auk 40 fermetra bílskúrs sem má aka inni.

**Fjöldi svefnherbergja:** 3

Svefnherbergi I: 2 sjálfstæð sjúkrarúm (stærð 90x200 cm).

Svefnherbergi II: 2 rúm (stærð 90x200 cm) + ferðabarnarúm (60x120 cm).

Svefnherbergi III: 3 rúm (1 stk. stærð 90x200 cm – 2 stk. 120x200 cm sem tveir geta sofið í).

**Fjöldi svefnrýma:** allt að 7-9 manns í rúmstæðum í svefnherbergjum – svefnsofi er síðan í holi – barnaferðarúm er til staðar og unnt að bæta við 2 dýnum.

**Baðherbergi/salerni:** 3

Baðherbergi I: Gestasalerni við aðalinngang (salerni hæð frá gólfi 48.5 cm og vaskur).

Baðherbergi II: Salerni (hæð frá gólfi 45.5 cm – sturtutæki og armstoðir við salerni), vaskur aðgengilegur sem og sturtan.

Baðherbergi III: við útgang á sólpall, salerni (hæð frá gólfi 43 cm), vaskur (aðgengilegur) og aðgengileg sturta.

**Eldhús:** þar er helluborð, háfur, ofn, ísskápur, örbylgjuofn, uppþvottavél, brauðrist, kaffivél, vatnsketill, vöflujárn, pönnukökupanna, hnífapör og borðbúnaður fyrir 18 manns og annar almennur eldhúsbúnaður (útigasgrill).

**Borðstofa:** Stórt borðstofuborð er rúmar vel 10 manns (auk 2 borða í geymslu sem má bæta við).

**Stofa:** Björt stofa, sófi er tekur 4 og hægindastóll (með lyftibúnaði), gott 55 tommu sjónvarp - bogið.

**Hol:** Sófi er tekur 3 í sæti (má líka sofa í), stórt kort af Íslandi á vegg.

**Þvottahús:** Til staðar er þvottavél og þurrkari, vaskur, þurrkaðstaða og þurrkgrind.

**Bílskúr og bílplan:** Þetta er 40 fermetra bílskúr sem keyra má inní. Skábraut er upp í íbúðarhluta hússins. Plan fyrir utan húsið er upphitað ásamt hallandi stétt upp að útidyrum. Stæði eru fyrir utan hús fyrir 4-5 bíla. Til að opna stóru hurðina þarf að fara inn í bílskúrinn (með útihurðarlykli sem er í lyklaboxi) og opna þar með hurðaropnara (er hægra megin þegar inn er komið).

**Sólpallur:** Stór sólpallur er við húsið aftanvert. Þar er útigasgrill, útihúsgögn (borð og 4 stólar- auk 4 sólstóla sem eru geymdir inni), og mjög góður heitur pottur með nuddi og lýsingu.

**Afbreyting:** Á staðnum er eitthvað af bókum á íslensku og ensku, spilum, 55 tommu bogið sjónvarp, og netaðgangur með ótakmörkuðu niðurhali.

## Sér útbúnaður fyrir hreyfihamlaða:

- Upphituð innkeyrsla og upphituð hallandi stétt að útidyrum.
- Unnt að keyra inn í rúmgóðan bílskúr og fara þaðan eftir skábraut inn í húsið.
- Aðgengilegur sólpallur. Þar er heitur pottur með nuddi sem er sérstaklega útbúinn svo hreyfihamlaðir eigi auðvelt með að fara í hann (hæð frá palli er 50.5 cm). Upphitaðar hellur eru frá útidyrum og að pottinum.
- Tvö baðherbergi sem eru sérstaklega rúmgóð og bæði með aðgengilegri sturtuáðstöðu. Þrenn salerni eru í húsinu í sitt hverri hæðinni og eru armstoðir við eitt þeirra. Armstoðir verða einnig sett við salernið í hinu baðherberginu.
- Vandaður sturtuhjólástóll fyrir hreyfihamlaða er til staðar og hækkanlegur sturtukollur.
- Tvö sjúkrarúm eru í svefnherbergi I (stærðir 90x200 cm).
- Hurð á ofni í eldhúsi opnast til hliðar sem auðveldar hjólástólanotendum að nýta hann og er útdraganleg plata undir.
- Eldhúsborð, þar sem vaskur og helluborð er staðsett, er rafstýrt þannig að unnt er að stilla hæð þess og auðvelt að vinna á því fyrir hjólástólanotendur og aðra hreyfihamlaða.
- Háfur (gufugleypir) yfir helluborði er með fjarstýringu.
- Hægindastóll í stofu með rafstýrðum lyftibúnaði.
- Skúffur og skápar eru í þægilegri hæð fyrir hjólástólanotendur.
- Öll rými inni eru vel rúm og aðgengileg.
- Allt gólf inni er á einum fleti án þröskulda.
- Allar hurðir eru extra breiðar (breidd 95 cm).
- Sérstakur lyftari er til staðar sem nota má m.a. til að lyfta fólki í og úr rúmi, í og úr sturtustól, og í og úr heitum potti.

## Reglur um útleiguna

- Lykill er í **lyklaboxi** sem er áfast innan á annarri súlunni fyrir framan útidyrnar. Fram kemur í leigjendamöppu hvar notkunarlykill er geymdur í húsin. Lykilorð fyrir lyklaboxið kemur með netpósti ásamt leigustaðfestingu í kjölfar greiðslu. Eftir opnun skal setja opnunarlykilinn aftur í lyklaboxið, rugla síðan talnaröðinni, og nota notkunarlykilinn sem er inni í húsinu meðan á dvöl stendur.

- Athugið að útihurðin er með þriggja punkta læsingu og því þarf að lyfta fyrst upp hurðahúni og læsa svo.
- Vinsamlegast farið úr útiskóm í anddyri og gangið ekki um húsið í útiskóm.
- Rusl er flokkað í þrjár ruslafötur sem eru í eldhúsinu: 1. Almennt rusl. 2. Plast. 3. Pappír og pappi.
- Umbúðir utan af víni, vatni og gosi (dósir og flöskur með skilgjaldi) skal setja í sérstaka ruslafötu (með rauðu loki) sem er í bílskúrnum.
- Reykingar eru stranglega bannaðar í húsinu.
- Leigutakar þurfa að vera orðnir 25 ára, en unnt er að veita undanþágu í sérstökum tilfellum.
- Leigutaka er óheimilt að framselja samninginn nema með skriflegu samþykki Sjálfsbjargar Ish.
- Hundahald er leyfilegt í húsinu en öll lausaganga er stranglega bönnuð utandyra og á svæðinu.
- Greiða þarf leiguna innan viku eftir að leigan er samþykkt - ef ekki er vikan boðin öðrum.
- Ef forföll eru tilkynnt með meira en mánaðar fyrirvara er leigan endurgreidd að fullu – en innan þess tíma aðeins ef unnt er að leigja hana öðrum á þessum tíma.
- Húsið er inni í byggð og býr fjölskyldufólk í næstu húsum. Því er það krafa að þið sýnið nágrönnum okkar þá sjálfsögðu kurteisi og virðingu að vera ekki með hávaða og læti úti fyrir eða inni á venjulegum svefntímum fólks (milli kl. 23:00 – 07:00)!
- Leigutaka ber að skila húsinu snyrtilegu eins og hann kom að því.
- Leigutaki ber fulla ábyrgð á öllum skemmdum sem verða á húsmunum eða húsi meðan hann er með það á leigu og áskilur Sjálfsbjörg Ish. sér fullan rétt til að láta lagfæra skemmdir/tjón á kostnað leigutaka.
- Athugið, á haustin og á veturna fara **mýslur** á kreik, enda eiga þær líka heima í sveitinni. Og þegar kalt er í veðri reyna þær að skjótast inn í hlýjuna með öllum ráðum. Þess vegna þarft þú að passa upp á að hafa ekki opnar dyr, bæði þegar þú ert að bera inn farangur og líka meðan þú situr í heita pottinum. Ef ég væri þú myndi ég líka loka dyrunum á bílnum meðan borið er í hann eða úr. Nema þú viljir taka með þér gæludýr heim!

## Til staðar í húsinu.

Við höfum kappkostað að í húsinu sé nánast allt til alls sem þarf til að gera dvöl okkar gesta í Fjölskylduhúsinu sem þægilegasta. Margvísleg tæki og búnaður er til staðar sem talinn er upp annars staðar. Gott snjall sjónvarp er t.d. í stofu og opinn aðgangur er að internetinu með frjálsu niðurhali er innifalið í leigunni. Lykilorðið er í leigjendamöppunni. Húsið er sem sé afar vel búið búnaði og tækjum, en ef þið hafið ábendingu um e-h sem gott væri að hafa vinsamlegast skrifið það á blað og skiljið eftir hjá upplýsingamöppunni.

## LAUSABÚNAÐUR SEM Á AÐ VERA Í FJÖLSKYLDUHÚSINU

Ausa, spaði og skeið (sett)	1	Kaffikanna	1	Sjúkrataska	1
Barnarúm ferða (Naskov)	1	Kaffistell	18	Skál minni (Lilly)	2
Barnatrappa í baðherbergi	1	Kaffivél	1	Skál stór (Lilly) grænar	2
Blómavasar	3	Kjöthnífar	16	Skálasett (Agata)	1
Borðlampar	7	Kjötmælir	1	Skóhorn stórt í anddyri	1
Borðstofustólar (svartir blandaðir)	6	Korkplattar	6	Skrælari	1
Brauðrist	1	Matarstell	18	Skurðarbretti	2
Dessertskálar	18	Morgunverðarbakki	2	Skæri	1
Dósaopnari	1	Mæliskeiðar	1	Sleif plast	1
Dýna í barnarúm (Plus F30)	1	Ostaskei	1	Sleikja	1
Eggjabikarar - stál	8	Panna m loki (Fair cook 28 cm)	1	Sósuausa	1
Eggjaskeri	1	Pensill	1	Sósukönnur	2
Eldfast fat, stórt og lítið	2	Pizzuskeri	1	Sósupískari	1
Eldhúsrúllustandur	1	Pískari	1	Stálfat m. handföngum og grind)	1
Fiskispaði	1	Plastundirlag í skúffur	2	Steikarhnífur og gaffall	2
Gaskútar plast f grillið - plast 10 ltr	2	Pottaleppar	2	Tappatogari	1
Glerskálar millistærð	2	Pottasett (Juvi)	4	Tekanna	1
Glasaplattar - tré	14	Pottastandur	1	Tertuspaðar/hnífar	2
Glerskófur í sturtur	2	Pottur lítill	1	Uppþvottabursti	2
Glervasi Pattern Rose	2	Púðar	2	Útidyramotta (fyrir framan útidyr)	1
Glös fyrir böm í 4 litum	4	Pönnukökupanna	1	Vatnsglös	18
Grillbursti	1	Pönnukökuspaði	1	Vatnskanna	2
Grilltöng	1	Rafmagnsfjoltengi	2	Vatnsketill	1
Handhrærivél (Bosh)	1	Rifjám	1	Viskustykki	4
Hliðarborð Sari	1	Ruslatunnur í eldhús - flokkun	3	Vínglös - f raut og hvítt	18
Hnífabrýni	1	Ruslatunna (rautt lok) f flöskur/dósir	1	Vöflujám	1
Hnífapör	18	Ryksuga (Domo)	1	Þurrkgrind í eldhús (Leifheit)	1
Hnífasett	4	Salatglerskálar stórar	2	Þurrkmotta (fyrir lítið uppvas)	1
Hvítlausprensa	1	Salatskeiðar	2	Þvottaburrkgrind	1
Íslandskort á krossvið	1	Salt og piparstaukar	1	Þvottakarfa	1
Ís skeið	1	Sigti lítið og stórt	2		

Ef eitthvað af framantöldum lausabúnaði vantar í húsið, eða að þið teljið að eitthvað eigi að vera þar, þá vinsamlega komið upplýsingum um það til skrifstofu Sjálfsbjargar Ish á netfangið: [sjalfsbjorg@sjalfsbjorg.is](mailto:sjalfsbjorg@sjalfsbjorg.is).

**Fyrir smábarnið:** Barnastóll með borðplötu, eitt ferðabarnarúm, barnþvottabali, og koppur er á staðnum.

### Frágangur við brottför.

Mikilvægt er gestir skilji vel við húsið að lokinni dvöl – í sama eða betra ásigkomulagi og þið komuð að því, innandyra sem utan. Hafið í huga að til að viðhalda gæðum hússins verður að ganga vel um það. Ef pera springur eða eitthvað smálegt er að og þú ert fær um að laga þá er það vel þegið, annars skaltu skrifa það niður og skilja minnismiða eftir hjá upplýsingamöppu við brottför. Ef eitthvað er ábótavant með þriffin þarf að hafa samband strax við umsjónarmann sem heitir Sigríður í síma 868-6297.

Af gefnu tilefni viljum við biðja gesti sem finna hjá sér þörf til að breyta uppstillingu í stofunni (eða í öðrum rýmum) að laga það aftur til upprunalegs horfs áður en húsið er yfirgefið. Og passa uppá að sjónvarpið sé stillt á Ríkissjónvarpið til þess að næsti sem kemur í hús lendi ekki í vandræðum.

Eftirfarandi gátlista er gott að hafa til hliðsjónar þegar verið er að ganga frá við brottför:

- Gera góða yfirborðs hreingerningu í öllu húsinu.
- Strjúka yfir gólf með moppu.
- Ganga frá öllum lausabúnaði þar sem hann var við komu.
- Þurrka af öllum borðum, hillum og úr gluggakistum.
- Þurrka kám af rúðum, speglum og húsgögnum sem komið hefur í dvölinni.
- Hreinsa úr niðurfalli í sturtum eftir sig og sína. Þetta er mikilvægt, því ef það er ekki gert stíflast niðurföllin auðveldlega.
- Uppþvottavélina á að skilja eftir hálfopna, hreina, tóma og slökkt á henni við brottför.
- Þrifa helluborð, ofninn og örbylgjuofninn.
- Ísskápur á að vera hreinn og tómur stilltur á medium eða á 3 eftir því sem við á.
- Ruslafötur eiga að vera hreinar og tómar.
- Allar gardínur eiga að vera dregnar niður þannig að ekki sjáist inn - en ekki láta þær liggja í gluggakistunum. Í stofunni eru gardínurnar dregnar fyrir.
- Öll ljós þarf að slökkva inni í húsinu.
- Ekki skilja borðstofustóla eftir uppi á borði.
- Setjið alla lausamuni á sinn stað eins þeir voru er þið komuð.
- Látið allar sængur og kotta liggja snyrtilega á hverju rúmi sem var notað.
- Hrista upp í öllum púðum.

#### Úti:

- Þrifa heita pottinn og loka honum tryggilega og passa að það sé stillt á „TÆMA“.
- Ganga frá útihúsgögnum.
- Þrifa útigrillið og ganga frá því og setja yfirbreiðslu yfir það. Losa fitu sem rennur í box á grillinu til að minnka eldhættu Henda rusli úr þeim ef þar er eitthvað sem ekki á að vera.

#### Að lokum:

- Setja allt **rusl** í ruslatunnurnar sem eru við húsið – svört tunna = almennt sorp, blá tunna = pappír og pappi (vinsamlegast brjótið pappa saman áður en sett er í tunnuna), og græn tunna = plast.
- Ganga frá **lyklum** eins og getið er um í leigjendabók sem er á staðnum. . Ávallt muna að rugla tölunum þegar lyklaboxi er lokað.

### Ýmsar notkunarleiðbeiningar.

1. **Sjónvarpið.** Aðeins er hægt að ná RÚV, en þar sem um snjall sjónvarp er að ræða má tengja við tölvu.
2. **Helluborðið.** Um er að ræða snertistillingar og þarf ekki að útskýra stillingarnar frekar. Passið bara að slökkva alltaf á hellum þegar ekki er verið að nota þær.

3. **Gufugleypirinn.** Kveikt er á gufugleypinum (háfinum) með fjarstýringu sem hangir á næstu hillu vinstra megin við háfinn (fjarstýringin er með segulstáli). Setja fjarstýringuna aftur á sinn stað og muna að slökkva.
4. **Uppþvottavélin.** Kveikt er á takkanum fram á vélinni. Velja síðan prógramm (takki P) eftir því hvernig á að þvo. Til að setja vélinu af stað er ýtt á takkan lengst til hægri þar sem þríhyrningurinn er og fer vélin þá af stað. Það dugur almennt hálf þvottatafla nema ef vélin er alveg full.
5. **Ísskápurinn.** Þetta er ósköp venjulegur kælikápur. Hann er stilltur á 3 og vinsamlegast haldið honum þar. Ef hellist niður í skápinn vinsamlegast þrífið það upp.
6. **Þvottavélin.** Ekki er reiknað með miklum þvottum meðan á dvöl gesta stendur. Þó þarf stundum að þvo handklæði og fleira. Algengasta stilling á þvotti er xxx. Þvottaefni er til staðar og dugur ein skeið almennt á alla þvotta. Slökkvið á vélinni að lokinni notkun.
7. **Þurrkarinn.** Þurrkarinn er við hlið þvottavélar. Hægt er að stilla hversu lengi á að þurrka. Slökkvið á vélinni að lokinni notkun.
8. **Frystiskápur.** Lítil frystiskápur er staðsettur í geymsluherbergi þar sem geyma má t.d. ís og klaka og annað sem komið er með frosið. Passið að skápurinn lokist örugglega og ekki eiga við stillingar á honum. Ef eitthvað lekur í skúffurnar vinsamlegast hreinsið það strax. Muna svo að tæma skápinn við brottför.
9. **Heitur pottur.** Á sólpallinum er heitur pottur með nuddstútum og er lok yfir hann. Við notkun þarf að losa lokið og lyfta því síðan af pottinum. Lokið er létt og best að taka það alveg af og geyma á pallinum meðan verið er í pottinum. Kveikt er á pottinum með veggstillingu (takka) sem staðsettur er á veggnum hægra megin við hurðina inn í þvottahúsið á pallinum í bílskúrnum. Aðeins þarf að snúa takkanum til hægri (réttisælis) og þá fyllist potturinn með heitu vatni (39°C). Mikilvægt er að, bæði þegar verið er að opna fyrir pottinn og loka, að þá þarf að heyrast tveir smellir – klikk-klikk. Síðan þarf bara að bíða eftir að potturinn fyllist. Eftir pottferð, vinsamlegast setja lokið yfir og reimið niður og slökkvið með því að snúa stillihnappinum til baka (rangsælis). Ekki er um neinar aðrar stillingar að ræða.
10. **Gasgrillið.** Gasgrillið er geymt yfir sumartímann úti á sólpalli en á veturna í bílskúrnum. Fyrir notkun þarf að taka yfirbreiðsluna af og leggja til hliðar. Fyrst er grilllokið opnað. Kveikt er á grillinu með því að opna fyrir gasið á gaskútum. Þá er kveikja með því að opna fyrir gasið út í brennara með einum stillihnappinum og kveikja síðan með kveikjaranum sem er vinstra megin á grillinu. Eftir að búið er að grilla er nauðsynlegt að fara yfir grillteinana með vírburstanum og leyfa svo grillinu að kólna vel áður en yfirbreiðslan er sett á aftur. Ef gaskútur tæmist er einn til vara inni í bílskúr. Ef báðir eru orðnir tómir þarf að fara með tóma í **Bjarnabúð** og ná í nýjan og er hann skrifaður á Sjálfsbjörg Ish.



11. **Netsambandið.** Þráðlaust netsamband er í húsinu og er lykilorðið í leigjendabók. Jafnframt er innifalið í leigunni ótakmarkað niðurhal. Netsambandið getur verið eitthvað rokkandi og er ekkert við því að gera.
12. **Pallhúsgögn.** Á sumrin standa pallhúsgögn (borð og 4 stólar) úti á palli milli útleigu. Gangið vel um þau.
13. **Ruslatunnur.** Við húsgaflinn handan bílskúrshurðar eru þrjár ruslatunnur sem ruslið er flokkað í – vinsamlegast tæmið inni-ruslafötur við brottför þangað. Svört tunna = almennt rusl, græn tunna = plast, blá tunna = pappír og pappi.

## Af hverju Fjölskylduhús Sjálfsbjargar?

Markmiðið með kaupum Sjálfsbjargar landssambands hreyfihamlaðra á húsinu Kistuholti 19, Reykholti, og frágangi á því, var að skapa grundvöll fyrir hreyfihamlaða félag og fjölskyldur þeirra að hittast utan þéttbýlis og að heiman. Stundum hafa fjölskylduböndin jafnvel gliðnað og með Fjölskylduhúsinu er tilvalið að styrkja böndin, hittast og dvelja saman á fallegum stað í glæsilegu orlofshúsi. Nú er tækifærið til að tengja meðlimi fjölskyldunnar saman á nýjan leik eða treysta böndin enn betur.

Því var ákveðið að fjárfesta ekki í sumarhúsi úti í sveit heldur finna rúmgott hús á byggingarstigi og gera það þannig úr garði að allt aðgengi utan húss sem innan verði eins og best verður á kosið fyrir hreyfihamlað fólk. Jafnframt að það sé þannig staðsett (í byggðakjarna) að það sé vel aðgengilegt að því jafnt að vetri sem sumri. Útbúa það síðan þannig að allt sé rúmt og jafnframt huggulegt þannig að fólk getur verið saman með stærri hóp, eitthvað sem hefðbundin orlofshús bjóða ekki uppá. Til að byrja með verður húsið einvörðungu leigt út í viku í senn, en erlendir hreyfihamlaðir aðilar geta þó leigt húsið til styttri tíma (en greiða líka hærra leiguverð og fá meiri þjónustu). Nokkuð hefur borist af fyrirspurnum frá erlendum fötluðum aðilum um aðgengilegt húsnæði með tilheyrandi búnaði fyrir hreyfihamlaða erlenda ferðamenn, en slíkt húsnæði er hvergi fáanlegt hérlendis – fyrr en núna.



**SJÁLFSBJÖRG**  
LANDSSAMBAND HREYFIHAMLAÐRA